

LÖG

um breytingu á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum (innheimta lífeyrisiðgjalda).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málslíður 8. gr. laganna verður svohljóðandi: Feli sjóðurinn þriðja aðila, sem til þess er bær, að annast innheimtu iðgjaldanna, enda hafi ekki verið orðið við áskorunum sjóðsins um greiðslu þeirra, skal kostnaður sem af því leiðir greiddur af þeim sem innheimtan beinist að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. maí 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

A-deild – Útgáfud.: 6. júní 2014